

## 6. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nót nema að fengnu sérstöku leyfi ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall smærri loðnu en 14 cm yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

## 7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þorsteinn Geirsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina, Markaðsstofa Austurlands.

## 1. gr.

Stofnunin heitir Markaðsstofa Austurlands, skammstafað MA. Heimili og varnarþing er á Seyðisfirði.

## 2. gr.

Stofnfé MA er kr. 500.000 - og má ekki skerða það að raungildi. Stofnféð kemur frá öllum sveitarfélögum á svæðinu frá Breiðdal til Bakkafjarðar og ferðapjónustufyrirtækjum á sama svæði en þessir aðilar eru jafnframt formlegir stofnendur MA.

## 3. gr.

Tilgangur Markaðsstofunnar er:

- Að byggja upp öflugan gagnabanka um hvaðeina er lýtur að þjónustu við ferðamenn, upplýsingar um opinbera þjónustu, viðskipti, alls konar viðburði á sviði menningar, skemmtana og afþreyingar og aðra þá starfsemi sem ástæða er til að kynna og markaðssetja fyrir ferðamönnum, íbúum landshlutans og öðrum þeim sem leita eftir upplýsingum um landshlutann.

- Að starfrækja vandaða og skilvirka upplýsingastarfsemi um þá þætti sem segir frá í málsgreininni hér á undan.
- Að samræma og vinna að heildstæðri markaðssetningu svæðisins.

## 4. gr.

Stofnendur skipa í 7 manna stjórn, þ. e. sveitarstjórnirnar 1 mann og ferðapjónustufyrirtækin skipa 6 menn, þar á meðal formann. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórnarmenn skulu valdir til 2 ára í senn. Endurnýjun í stjórn getur farið fram árlega en aldrei skulu fleiri en 2 stjórnarmenn ganga úr stjórn hverju sinni. Stofnendur bera ábyrgð á endurnýjun fulltrúa sinna í stjórn.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar.

## 5. gr.

Stofnunin er sjálfsábyrg og starfar ótímabundið. Hún birtir stofnendum árlega sína ársreikninga og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum Þróunarstofu Austurlands á Egilsstöðum.

Þróunarstofan hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á fjárvörslu Markaðsstofunnar.

## 6. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði allra stjórnarmanna falli á þann veg, enda hljóti breytingin staðfestingu réttbærra yfirvalda.

## 7. gr.

Komi til að stjórn sjálfseignarstofnunar þessarar ákveði að leggja hana niður og engin önnur verður stofnsett með sama hlutverki, skulu allar eigur hennar og skuldir renna til Þróunarstofu Austurlands. Stjórn Þróunarstofunnar ákveður um ráðstöfun þessara eigna og skulda.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. maí 1999.*

F. h. r.  
**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*